

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Ísfélag Vestmannaeyja Vestmannaeyjar



<b>Dags eftirlits</b>	9.3.2016	<b>Fulltrúi UST</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Ísfélag Vestmannaeyja	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Strandvegi 29	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	660169-1219	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Páll Scheving	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gunnar Anderssen	<b>Staðsetning</b>	436690,981 326978,971

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram þrjú ný frávík frá starfsleyfi þar sem að frárennismælingum var ekki skilað fyrr en nú ári eftir að þær voru framkvæmdar, COD mælist yfir starfsleyfismörkum í frárennsli og að botnþykktarmæla átti olúgeymir á síðasta ári.

Auk þess var gerð athugasemd við að TVN skráningum seinnihluta árs 2015 var ekki skilað fyrr en í eftirlitinu. Viðbragðsáætlun þarfnast uppfærslu. Unnið er að undirbúningi heildarúttektar í frárennsli og óskaði rekstraraðili eftir fresti til að ljúka þeim á árinu og skila í maí 2017.

Umhverfisstofnun óskar eftir lagnateikningum af lóð Ísfélagsins..

Farið í skoðunarferð og var snyrtilegt um að litast.

### UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á að fara yfir síðstu eftirlitsskýrslu og úrbætur útistandandi frávika. Þrjú frávík voru útistandandi þegar eftirlitið fór fram.

Þegar eftirlitið fór fram hafði álagningu dagsekta verið frestað sbr bréf sent 18. nóvember 2015. Úrskurður úrskurðarnefnar Umhverfis- og Auðlindamála liggur nú fyrir og ákvörðunin um álagningu dagsekta hefur verið felld úr gildi.

Til stóð að gera mælingar í útblæstri sl. sumar en þar sem að sumar og haustvertíð var stutt hverju sinni tókst ekki að fá mælingamenn til að vinna verkið þegar verksmiðjan var í gangi. Óskað hefur verið eftir mælingamönnum til að gera mælingar nú í vertíðinni.

Frárennismælingar voru gerðar í mars 2015. Allt affallsvatn í verksmiðjunni þ.e frá löndun og fiskvinnslu fer í gegnum hreinsistöð og þaðan út um eina útrás.

Þá var farið yfir skráningar skv. grein 3.1 í starfsleyfi.

Ekki hafa komið neinar stórvægilegar bilanir á mengunarvarnarbúnaði í verksmiðjunni frá síðasta eftirliti. Vinnuskýrslur eru unnar daglega þar sem að fram kemur viðhald á búnaði ofl. Fitugildra var síðast hreinsuð í lok síðustu vertíðar. Í verksmiðjunni er brennsluhólf til að eyða lykt. Spurt var út í hreinsiefni og val á umhverfissvottuðum vörum.

Rekstraraðili er með FEMAS vottaða hreinlætisáætlun og er vel haldið utanum skráningar á framkvæmd þeirra.

Þá var minnt á olúgeyma innan lóðar FES og þjónustu á þeim. Þrýstiprófa þarf lagnir nú í ár (síðast þrýstiprófaðar 2011). Tveir geymar eru á lóðinni, botnþykktarmæla átti stærri olúgeymirinn á síðasta ári en minni geymirinn (800m<sup>3</sup>) á að botnþykktarmæla næst 2022. Óskað var eftir lagnateikningum af lóðinni sem sýnir frárennslis, olíu og lýsislagnir.

Minnt var á gagnaskil en TVN skráningar vantaði frá síðustu vertíð en var skilað í eftirlitinu. Rætt var um viðbragðsáætlun og þörf á að uppfæra hana. Eins var minnt á heildarúttekt í frárennsli en skv starfsleyfi átti að skila því fyrir 1.maí 2016. Í eftirlitinu kom fram að stefnt væri að því að taka sýni úr öllum vertíðum ársins og óskað eftir viðbótarfresti til 1.maí 2017.

Spurt var út í umhverfismarkmið en fyrirtækið hefur verið að funda með deildum innan fyrirtækisins í stefnumörkun og markmiðasetningu. Stefnt er á útgáfu á umhverfismarkmiðum á árinu.

Að lokum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna en mjög snyrtilegt var um að litast. Vinnsla á loðnu og hrognum var í gangi þegar eftirlitið fór fram. Einnig var litið á aðstæður í olúgeymaþró.

Hljóðmælingar stóðu yfir þegar eftirlitið fór fram og niðurstöður voru sendar Umhverfisstofnun 19. apríl 2016. Hljóðstig mælist í öllum tilvikum undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða.

#### Frávík frá

Grein 2.17 í starfsleyfi

#### Lýsing á frávíki

Í frárennismælingum frá mars 2015 mælist COD 4,6 kg/t hráefnis sem er yfir starfsleyfismörkum (1,5 kg/tonn hráefnis). Í skýrslunni er auk þess villa í mælieiningunni sem er rituð g/tonn hráefnis í stað kg/tonn hráefnis.

Grein 3.2 í starfsleyfi

Niðurstöðum frárennismælinga sem lágu fyrir í mars 2015 var ekki skilað fyrir en í eftirlitnu nú ári síðar. Í starfsleyfinu er tekið fram að niðurstöðum skuli skilað þegar þær liggja fyrir. Eins var TVN skráningum fyrir sumar og haust vertíð ekki skilað fyrir en í eftirlitnu núna en skal skilað í lok hvernar vertíðar samkvæmt ákvæðum starfsleyfis.

Reglugerð 75/1999 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Botnþykktarmæla átti olíugeymir (1500m<sup>3</sup>) á síðasta ári en hann á að botnþykktarmæla á tíu ára fresti sbr. reglugerð

#### **ATHUGASEMDIR**

Við skoðun á útfalli við Eiði sást svolítill fituslikja á sjónum en báðar fiskimjölsverksmiðjurnar í Vestmannaeyjum voru í gangi þegar eftirlitið fór fram á og því töluvert álag í fráveitu. Útfallið er safnútfall frá bæjarveitunni svo ekki er víst að fituslikjan sé vegna starfsemi Ísfélagsins í Vestmannaeyjum.

#### **ANNAÐ**

Umhverfisstofnun sendi nýtt eyðublað til að fylla út TVN skráningarnar og óskar eftir að það verði notað framvegis.

Reykjavík, 10.05.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Halla Einarssdóttir